

## KONUNGLEG AUGLÝSING

5

8. marz

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunngerum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 6. f. m. samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarveru Vorri hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

*Gjört í Esbjerg, 8. marz 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Ásgeir Ásgeirsson.

## L Ö G

6

18. marz

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd rikissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár í senn rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri